

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028, heitavatsborhola í Skarðsdal og hitaveitulögn að þéttbýlinu í Siglufirði.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. ágúst 2011 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028, sem samþykkt var í bæjarráði Fjallabyggðar 8. júlí 2011.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir heitavatsborholu í Skarðsdal og hitaveitulögn að þéttbýlinu í Siglufirði. Á skipulagsuppdrátt er einnig færð inn núverandi hitaveitulögn úr borholu í Skútudal og núverandi loftlína rafveitu í Skarðsdal.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 5. ágúst 2011.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Birna Björk Árnadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 22. ágúst 2011